

438. fundur velferðarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 10. apríl 2019 og hófst hann kl. 10:30.

Fundinn sátu:

Tinna Hrund Hlynisdóttir formaður, Þórir Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Gunnhildur Björk Elíasdóttir, Hulda María Guðjónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bjarni Pétur Marel Jónasson, Bragi Rúnar Axelsson aðalmaður og Auður Helga Ólafsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Alberta G Guðbjartsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

Fundargerð ritaði: Sædis María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál. - 2011090094

Tvö trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

Trúnaðarmálin afgreidd og færð til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.

Margrét Geirsdóttir fór af fundinum eftir afgreiðslu trúnaðarmála kl. 11.

2. AA samtökin Ísafirði - styrkbeiðni - 2019030080

Lögð fram styrkbeiðni frá AA samtökunum þar sem óskað er eftir fjárhagsstyrk vegna húsaleigu.

Velferðarnefnd samþykkir erindið enda rúmast styrkbeiðnin innan fjárhagsáætlunar velferðarsviðs fyrir árið 2019.

3. Skýrsla um félagsþjónustu fyrir árið 2018 - 2019040024

Lögð fram skýrsla um félagsþjónustu fyrir árið 2018. Skýrsla um félagsþjónustu er árlega send Hagstofu Íslands.

Lagt fram til kynningar.

4. Velferðarnefnd heimsækir stofnanir sem heyra undir nefndina. - 2019040025

Heimsókn í Hvestu.

Velferðarnefnd þakkar Hvestu fyrir að taka á móti nefndinni og hlakkar til að sjá húsnaðið þegar það verður tilbúið síðar á þessu ári.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

Tinna Hrund Hlynsdóttir

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

Bjarni Pétur Marel Jónasson

Bragi Rúnar Axelsson

Auður Helga Ólafsdóttir

Sædís María Jónatansdóttir

Margrét Geirsdóttir

Alberta G Guðbjartsdóttir